

**S A M Þ Y K K T I R**  
**f y r i r**  
**hlutafélagið Isavia ohf.**

*1.0 Heiti félagsins og heimili*

- 1.1 Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess Isavia ohf.
- 1.2 Heimilisfang félagsins er Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli.
- 1.3 Félagið er stofnað samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra með heimild í lögum nr. 153/2009 um stofnun opinbers hlutafélags um flugleiðsögupjónustu og flugvallarekstur og tengda starfsemi o.fl.
- 1.4 Samkvæmt 5. gr. laga nr. 153/2009 skal félagið taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar yfirteknu félaganna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsögupjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Yfirtakan veitir ekki samningsaðilum yfirteknu félaganna, sem samruninn kann að varða heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

*2.0 Tilgangur félagsins*

2.1 Tilgangur félagsins er:

- a) að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsögupjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa og aðra skylda starfsemi;
- b) að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla, rekstur fasteigna, svo og aðra skylda starfsemi, þar á meðal rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins;
- c) að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu;
- d) að annast starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðva og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar;

e) að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki þar með talið vegna Alþjóðaflugþjónustunnar, í samráði við stjórnvöld.

2.2 Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t. er heimil þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar. Þá er félaginu heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

### *3.0 Hlutir, fyrirsvar*

3.1 Hlutfé félagsins er kr. 24.559.063.362 (tuttuguogfjórirmilljarðarfimmhundruðfimmtíuogníumilljónirsex tíuogþrjú þúsund þrjúhundruðsex tíuogtværkrónur).

3.2 Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins.

3.3 Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu.

3.4 Við gildistöku samruna opinberu hlutfélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar skulu allar eignir og skuldir, réttindi og skuldbindingar opinberu hlutfélaganna, án sérstakra skuldaskila, renna til félagsins, sbr. 1. gr. laga nr. 153/2009.

### *4.0 Hækkun/lækkun hlutfjár*

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.

### *5.0 Sala og ráðstöfun hluta*

Sala hlutfjár ríkisins í félaginu, svo og önnur ráðstöfun þess, er óheimil, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 153/2009.

### *6.0 Takmörkun ábyrgðar, lánveitingar*

6.1 Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

6.2 Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu.

## 7.0 Hluthafafundir, boðun o.fl.

- 7.1 Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmæts hluthafafundar.
- 7.2 Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafans í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Skal boða stjórnarmenn, forstjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmanni heimild til að mæta á hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.
- 7.3 Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundi.
- 7.4 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi nema þess hafi verið getið í fundarboði, eða með sérstöku samþykki hluthafa.
- 7.5 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafi geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt. Skal tryggt að hluthafinn geti tekið þátt í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu. Í fundarboði skal taka fram hvernig hluthafi tilkynni þátttöku sína í fundinum og aðrar upplýsingar.
- 7.6 Hluthafafundur er lögmætur ef hluthafinn er mættur eða tekur þátt í fundi rafrænt með sannanlegum hætti. Atkvæði hluthafans ræður niðurstöðu máls á hluthafafundi.

## 8.0 Aðalfundir, aukafundir

- 8.1 Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.
- 8.2 Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara og skal geta fundarefnis í fundarboði. Ákvæði 7. gr. gildir um aðalfund, eftir því sem við á.
- 8.3 Boða skal fulltrúa fjölmiðla á aðalfund félagsins. Þá er kjörnum alþingismönnum heimilt að sækja aðalfund félagsins og bera fram skriflegar fyrirspurnir.
- 8.4 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
  1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

2. Endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
  3. Tillaga stjórnar um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
  4. Kosning stjórnarformanns.
  5. Kosning meðstjórnenda.
  6. Kosning endurskoðanda.
  7. Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
  8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu skal tekin fyrir til staðfestingar.
  9. Tillaga stjórnar um greiðslur til stjórnarmanna
  10. Tillaga stjórnar um þóknun til endurskoðenda.
  11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.
- 8.5 Stjórn félagsins skal boða til aukafundar eftir ákvörðun hennar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafans. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Skal boða til aukafundar með minnst sjö daga fyrirvara. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.
- 8.6 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafrósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að senda skuli til hluthafa. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.

### *9.0 Stjórn félagsins*

- 9.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Skal tryggt við kosningu í stjórn að þar sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Formaður er kjörinn af aðalfundi sbr. ákvæði 8.4-4, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.
- 9.2 Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd félagsins gagnvart hluthafa. Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna skuldbinda félagið.
- 9.3 Hlutverk stjórnar er m.a. eftirfarandi:
- a) Að marka stefnu félagsins.

- b) Að ráða forstjóra og setja honum starfsreglur sem marki skil á störfum hans gagnvart stjórn, s.s. varðandi hlutverk, umboð, ábyrgð, ákvarðanatöku og upplýsingagjöf.
- c) Að hafa eftirlit með störfum forstjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna félagsins.
- d) Að setja upp skilvirkt innra eftirlit og samþykkja innri endurskoðunaráætlanir.
- e) Önnur verkefni sem stjórn eru falin samkvæmt samþykktum þessum.

9.4 Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi.

9.5 Stjórn félagsins er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á þeim gagnvart hluthafa. Stjórn skal hafa hagsmuni félagsins ávallt í fyrirrúmi í samræmi við meginreglur félagaréttar um trúnaðarskyldu stjórnar.

9.6 Þeir sem veljast til stjórnarstarfa skulu sinna þeim af heiðarleika og áreiðanleika og verja nægjanlegum tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum af kostgæfni.

9.7 Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

9.8 Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

9.9 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar, boðun varamanna, o.fl. Birta skal starfsreglur stjórnar á vef félagsins.

## 10.0 Forstjóri

10.1 Stjórn félagsins ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og heyrir undir hana og ekki er heimilt að ráða stjórnarmann sem forstjóra.

10.2 Stjórnin veitir og forstjóra prókúruumboð fyrir félagið og kemur forstjóri fram fyrir félagsins hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

10.3 Hlutverk forstjóra félagsins er m.a. eftirfarandi:

- a) Hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins.
- b) Ber ábyrgð á að reikningshald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggum hætti.
- c) Ber ábyrgð á ráðningu starfslíðs.
- d) Ber óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir undir stjórn eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum.
- e) Ber ábyrgð á innleiðingu ákvarðana stjórnar og ákvarðana hluthafafunda.
- f) Annast önnur verkefni sem honum eru falin samkvæmt samþykktum þessum.

10.4 Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### *11.0 Reikningsár og endurskoðun*

11.1 Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal á hverju ári semja ársreikning fyrir félagið og skal stjórnin hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

11.2 Endurskoðandi félagsins er ríkisendurskoðandi, sbr. lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum. Endurskoðaðan ársreikning skal leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

11.3 Birta skal ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikning félagsins á vef félagsins.

#### *12.0 Breytingar á samþykktum félagsins, slit á félaginu.*

12.1 Samþykktum þessum má breyta með samþykki hluthafans á lögætum aðalfundi eða aukafundi.

12.2 Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

### 13.0 Önnur ákvæði

13.1 Félagið skal birta samþykktir þessar á vef félagsins.

13.2 Um það sem ákvæði laga nr. 153/2009 kveða ekki á um, skal hlíta ákvæðum samþykktu þessara, ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi þann 20. mars 2024.

Samþykktir þessar eru undirritaðar með rafrænum skilríkjum,  
sjá staðfestingu á forsiðu.

Isavia ohf.

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri